



Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2013

Ríkisfjármálaáætlun 2013-2016

11. september 2012

2013



1.
Ríkisfjármálastefnan
Afkomuþróun og árangur

2013



Ríkisfjármálastefnan

Í gildandi ríkisfjármálaáætlun sem lögð var fram með síðasta fjárlagafrumvarpi er ráðgert að ná um **17 mia.kr.** afgangi af heildarjöfnuði árið 2014:

- Í þessu frumvarpi fyrir árið 2013 er gert ráð fyrir lítils háttar halla á heildarjöfnuði sem nemur **2,8 mia.kr.** eða **0,1%** af VLF.
- Heildarjöfnuður verður jákvæður sem nemur **17,8 mia.kr.** eða **0,9%** af VLF árið 2014 samkvæmt nýrri ríkisfjármálaáætlun.

2013



Endurmat ríkisfjármálastefnunnar

Allar horfur eru á að heildarjöfnuður náist árið 2014* og jafnvel ári fyrr. Þrennt gæti gert þetta kleift:

- Áframhaldandi hagvöxtur.
- Auknar tekjur af auðlindum.
- Aðhald í ríkisrekstri.

* Markmið ríkisfjármálaáætlunarinnar eru sett fram á greiðslugrunni en hér er fjallað um ríkisfjármálin á rekstrargrunni nema annað sé tekið fram

2013



Jákvæður frumjöfnuður

Útlit er fyrir að markmið um jákvæðan frumjöfnuð muni nást á árinu 2012.


- Frumvarpið gerir ráð fyrir að frumjöfnuður verði jákvæður um rúma **60 mia.kr.** á árinu 2013.

2013



Frumtekjur og frumgjöld ríkissjóðs 2003-2013*

% af VLF




* Án óreglulegra liða. Frumjöfnuður 2013 verður 60 mia.kr. með óregl.liðum.
Leiðrétt fyrir yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga

2013



Heildarjöfnuður ríkissjóðs með og án óreglulegra liða 2009-2013*




2013

* Leiðrétt fyrir yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga



Frumjöfnuður ríkissjóðs með og án óreglulegra liða 2009-2013*



2013

* Leiðrétt fyrir yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga



2. Nýjar áherslur og stefnumið

2013



Nýjar áherslur: Bættur hagur barna og atvinnusköpun

Bætt rekstrarstaða ríkissjóðs gerir mögulegt að auka framlög til stuðnings við barna-fjölskyldur og til atvinnusköpunar.

Stuðningur við fjölskyldur:

- Barnabætur.
- Vaxtabætur/húsnæðisbætur.
- Fæðingarorlofssjóður.

2013



Nýjar áherslur: Bættur hagur barna og atvinnusköpun

Sérstakar ráðstafanir til að styðja við efnahagsbatann.

Fjárfestingaáætlun og atvinnusköpun:

- Samgöngur.
- Rannsóknar- og tæknisjóðir.
- Ívilnanir til nýsköpunarfyrirtækja.

2013



Fjárfestingaáætlun

Fjárfestingaáætlun gerir ráð fyrir arðgreiðslum frá fjármálastofnunum og hluta söluandvirðis eignarhluta í þeim.

- Fangelsisbygging, nýr Herjólfur, viðhald ríkiseigna, uppbygging ferðamanna- staða, skapandi greinar, græna hagkerfið o.fl.
- Fyrir aðra umræðu frumvarpsins hafa forsendur fyrir tekjuöflun skýrst.

2013



Aðrar fjárfestingar

- Unnið er að áætlun um byggingu nýs Landspítala og áformað er að áætlunin og áfangaskipting verksins verði tilbúin fyrir afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins.
- Lánsfjárheimild vegna Vaðlaheiðarganga hefur verið samþykkt og ráðgert er að framkvæmdir hefjist á árinu.

2013



Fjárfestingaáætlun

- Eftir sem áður byggist fjárfestingaáætlunin á því að ríkisfjármálaáætlunin verði í forgangi og að markmiði um jöfnuð í ríkisfjármálum verði ekki raskað.

2013



3. Efnahagshorfur

2013



Stöðugur vöxtur – aukin atvinna

Viðsnúningur hefur átt sér stað í efnahagslífinu frá seinni hluta árs 2010.

- Stöðugur vöxtur hefur verið í landsframleiðslu og atvinnuleysi minnkað jafnt og þétt.
- Hagvöxtur var **3,1%** í fyrra og gert er ráð fyrir að hann verði **2,8%** á þessu ári og haldist stöðugur út spátímann, til 2017.

2013



Efnahagsforsendur frumvarpsins


- Hagvöxtur **2,7%**
- Verðlag hækkar um **3,9%**
- Atvinnuleysi **5,3%**
- Viðskiptajöfnuður **-2,1%** af VLF
- Kaupmáttur launa eykst um **1,7%**

2013



Þróun krónunnar: GVT, EUR og USD

Gengi ISK




Meðalgengi áráanna 2003-2012

Heimild: Seðlabanki Íslands

2013




Hagvöxtur



2013




Kaupmáttur launa



2013



Afkoma ríkissjóðs 2004-2016*




2013

* Óreglulegir liðir undanskildir



Verðbólga




Heimild: Hagstofa Íslands

2013



Atvinnuleysi



Heimild: Hagstofa Íslands

2013



4. Afkoman 2013

2013



Helstu niðurstöður fjárlagafrumvarps 2013

- Áætlað er að heildarjöfnuður árið 2013 verði neikvæður um **2,8 mia.kr.** samanborið við neikvæðan jöfnuð upp á **25,8 mia.kr.** í áætlun ársins 2012.
- Séu óreglulegir liðir undanskildir er heildarjöfnuðurinn jákvæður sem nemur **4,3 mia.kr.**

2013



Helstu niðurstöður fjárlagafrumvarps 2013

- Gert er ráð fyrir að frumjöfnuður ríkissjóðs verði jákvæður um **60,4 mia.kr.**, sem er **24,5 mia.kr.** aukning frá fjárlögum yfirstandandi árs.
- Handbært fé frá rekstri verður neikvætt um **28,9 mia.kr.** samanborið við **41,8 mia.kr.** í frjárlögum 2012.

2013

Heildar- og frumjöfnuður ríkissjóðs

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 2011	Fjárlög 2012	Áætlun 2012	Frumvarp 2013
Tekjur	486,5	522,9	533,6	570,3
Gjöld	576,0	543,7	559,4	573,1
Heildarjöfnuður	-89,4	-20,7	-25,8	-2,8
Heildarjöfnuður, hlutfall af VLF (%)	-5,5	-1,2	-1,5	-0,1
Frumtekjur	467,2	501,8	510,2	545,4
Frumgjöld	510,4	465,9	478,5	485,0
Frumjöfnuður	-43,2	35,9	31,7	60,4
Frumjöfnuður, hlutfall af VLF (%)	-2,7	2,0	1,8	3,2



5. Gjaldahliðin 2013

2013



Megin markmið á útgjaldahliðinni

Aðhaldsaðgerðir miðast eins og áður við að hlífa velferðarþjónustu, menntamálum og löggæslu, en ná fram meiri hagræðingu í almenntri stjórnsýslu og rekstri ríkisins.

- Er það til marks um stefnu stjórnvalda um að verja velferðarsamfélagið.
- Í þessu frumvarpi er sérstök áhersla lögð á bættan hag barnafjölskyldna.

2013



Helstu útgjaldabreytingar frá áætlun 2012

- Frumgjöld eru áætluð **485,0 mia.kr.** í frumvarpinu og hækka um **6,6 mia.kr.** frá áætlun 2012 m.v. verðlag hvers árs.
- Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð **573,1 mia.kr.** og aukast um **13,7 mia.kr.** frá áætlun 2012.
- Að frátöldum launa-, gengis- og verðlags-hækkunum 2013 lækka frumútgjöld um **6,7 mia.kr.** frá áætlun 2012.

2013



Almenn viðmið um aðhald

Í fjárlagafrumvarpi 2013 eru sett fram almenn viðmið um aðhald í útgjöldum:

- **1,75%** í almennri stjórn-sýslu og þjónustu
- **1,2%** af veltu bótakerfa og sjúkra-trygginga, **1%** af veltu háskóla og framhaldsskóla og **0,5%** af veltu löggæslustofnana.
- Engin hagræðingarkrafa er gerð í rekstri sjúkrahúsa, heilsugæslu, heilbrigðis-stofnana og öldrunarstofnana.

2013



Almenn viðmið um aðhald

- Alls er áætlað að veltutengd aðhalds-
markmið skili **4 mia.kr.** lækkun útgjalda
á árinu 2013
- Til viðbótar er áætlað að sértækar
aðhaldsaðgerðir muni lækka útgjöld um
2,7 mia.kr. og samanlagt muni aðhalds-
aðgerðir frumvarpsins skila **6,7 mia.kr.**
sparnaði á árinu 2013.

2013

Aðhaldsaðgerðir eftir hagrænni skiptingu*

Í milljónum króna	Lækkun m.kr	Heildar- velta	Lækkun %
Rekstur	-1.648	206.538	-0,8%
Tilfærslur	-4.466	220.623	-2,0%
Viðhald og stofnkostnaður	-600	20.565	-2,9%
Samtals	-6.714	447.726	-1,5%

* Breytingar frá veltu fjárlaga 2012 án vaxtagjalda og óreglulegra liða

Aðhaldsaðgerðir eftir málaflokkum*

Í milljónum króna	Lækkun m.kr	Heildar- velta	Lækkun %
Samgöngu-, efnhags- og atvinnumál	-784	77.659	-1,0%
Heilbrigðismál	-530	120.286	-0,4%
Almannatryggingar og velferðarmál	-1.301	128.348	-1,0%
Menntamál	-606	50.104	-1,2%
Æðsta stjórnýsla	-384	28.155	-1,4%
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	-231	22.380	-1,0%
Menningar-, íþróttar- og trúmál	-135	15.578	-0,9%
Húsnæðis-, skipulags- og veitumál	-44	5.215	-0,8%
Samtals veltutengdar aðhaldsráðstafanir	-4.014	447.726	-0,9%
Sértækar aðhaldsaðgerðir	-2.700	447.726	-0,6%
Samtals	-6.714	447.726	-1,5%

* Breytingar frá veltu fjárlaga 2012 án vaxtagjalda og óreglulegra liða



Útgjaldabreytingar*

	Milljarðar kr.
Aðhaldsaðgerðir	-6,7
Fjárfestingaráætlun, málefni barna og uppbyggingarverkefni	9,5
Breyttar útgjaldaskuldbindingar	3,1
Launa-, gengis- og verðlagsbr. 2012	13,3
Vaxtagjöld ríkissjóðs	10,3
Samtals	29,5

* Breytingar frá fjárlögum 2012

2013



Áherslumál: fjárfestingaáætlun og bættur hagur barna


	Milljarðar kr.
Barnabætur	2,5
Samgönguframkvæmdir	2,5
Vaxtabætur/húsnæðisbætur	1,0
Þróunaraðstoð	1,0
Fæðingarorlofssjóður	0,8
Rannsóknar- og tækniþróunarsjóður	1,3
Sóknaráætlanir landshluta	0,4
Samtals	9,5

2013



Heildarútgjöld fara lækkandi*

% af VLF




* Óreglulegir liðir undanskildir.

Leiðrétt hefur verið fyrir yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

2013



Þróun frumútgjalda á föstu verðlagi*




2013

* Á verðlagi 2013 m.v. vísitölu neysluverðs án vaxtagjalda og óreglulegra liða. Leiðrétt hefur verið fyrir yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.



Vaxtagjöld



2013

Uppsafnaðar aðhaldsaðgerðir

2009-2013 eftir hagrænni skiptingu*

Aðhaldsaðgerðir, á verðlagi 2013	Fjárlög 2008	Uppsafnaðar aðhaldsaðgerðir 2009-2013	Lækkun %
Rekstur	232,8	50,9	21,9%
Tilfærslur	224,3	38,9	17,4%
Stofnkostnaður	61,6	26,9	43,7%
Samtals án frystingu launa og bóta	518,6	116,7	22,5%
Frysting launa og bóta	518,6	19,1	3,7%
Samtals	518,6	135,8	26,2%


*Dregnar hafa verið frá aðhaldsaðgerðir sem ekki hafa gengið eftir og aðgerðir þar sem fallið var við afgreiðslu fjárlaga frá áformum um ný útgjöld sem höfðu verið lögð til í fjárlagafrumvarpi.

Breytingar frá veltu fjárlaga 2008 án vaxtagjalda og óreglulegra liða, uppfært á verðlag ársins 2013.



Útgjöld vegna velferðarmála 2004-2013

% af VLF



2013



6. Tekjuhliðin 2013

2013



Megin markmið á tekjuhliðinni

Stöðugur hagvöxtur síðustu ársfjórðunga hefur leitt af sér tekjuauka fyrir ríkissjóð umfram fyrri áætlanir.

- Auknir skattar og tekjur af auðlindum skila sér í ríkissjóð á komandi fjárlagaári.
- Auknar tekjur af vörugjöldum vegna breytinga sem tengjast manneldis-sjónarmiðum

2013



Helstu tekjubreytingar frá áætlun 2012

- Frumtekjur eru áætlaðar **545,4 mia.kr.** og aukast um **35,2 mia.kr.** frá áætlun 2012.
- Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar **570,3 mia.kr.** og aukast um **36,8 ma.kr.** frá áætlun 2012.


2013

Uppsafnaðar tekjuaðgerðir 2009-2013

Rekstrargrunnur, mia.kr.	2009	2010	2011	2012	2013
Tekjur					
Skattkerfisbreytingar	18,4	64,7	78,9	99,4	117,7
Arður, eignasala o.fl.	0,0	0,0	0,0	2,0	10,0
Áhrif séreignarsparnaðarheimilda	5,3	4,6	6,4	3,2	0,1
Alls	23,7	69,3	85,3	104,5	127,8
Alls, % af VLF	1,6	4,5	5,2	5,9	6,8



Breyting tekna frá endurmati 2012



2013



Sértækar tekjuaðgerðir árið 2013*


Í milljörðum króna	mia.kr.
Kolefnisgjald	3,6
Orkuskattar	2,3
Fyrri forsendur alls	5,9
Fjársýsluskattur	0,8
Virðisaukaskattur	2,6
Vörugjöld á matvæli	0,8
Vörugjöld á ökutæki	0,5
Tóbaksgjald	1,0
Tryggingagjald	3,3
Skattkerfisbreytingar 2013 alls	9,0
Eignasala	8,0
Aðrar ráðstafanir alls	8,0
Alls	22,9

* Ráðstafanir sem á eftir að lögfesta. Auk þess lækkar atvinnuþryggingagjald um 3,3 mia.kr.

2013



Skatttekjur sem hlutfall af VLF lækka lítillega milli ára*




* Án fjármagnstekjuskatts af sölu Landsímans 2005.

Leiðrétt fyrir yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga

2013



Þróun samsetningar skatttekna




2013



Tekjudreifing – Gini stuðull*

Gini stuðull



2013

* Gini stuðullinn mælir tekjudreifingu/ójöfnuð þannig að séu allir með sömu tekjur tekur hann gildið 0 og gildið 100 ef einn einstaklingur er með allar tekjurnar

Heimild: Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat)



Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð

- Unnið samkvæmt þriggja ára áætlun sem samþykkt var í ríkisstjórn í apríl 2011.
- Hvert og eitt ráðuneyti vinnur með meginmálaflokk yfir þriggja ára tímabil.
- Verið að greina kynjaáhrif af rúmlega **150 mia.kr.** veltu fjárlaganna.
- Fyrsta áfanga af þremur er lokið. Niðurstöðurnar eru kynntar í fjárlagafrumvarpinu.
- Lokaskýrslur tilbúnar árið 2014.

2013



7. Staða Íslands í alþjóðlegu samhengi

2013




Alþjóðlegur samanburður

- Skuldasöfnun hins opinbera á Íslandi hefur stöðvast og mun lækka á næstu árum og fara undir **90%** af VLF á næsta ári.
- Hagvöxtur á Íslandi er nú einn sá mesti á meðal vestrænna ríkja og er spáð að svo verði áfram á næsta ári.
- Afkoma ríkissjóðs Íslands í ár er mun betri en í mörgum Evrópuríkjum og í Bandaríkjunum.

2013



Hagvöxtur í nokkrum samanburðarlöndum




2013



Samanburður á skuldaþróun hins opinbera*

% af VLF



* Heildarskuldir hins opinbera að meðtöldum sveitarfélögum


Heimild: Eurostat, ECFIN

2013



Afkoma og skuldir hins opinbera – ESB og Ísland 2011*

2013



* Ríki innan kassans uppfylla Maastricht skilyrði um afkomu og skuldir

Heimild: Eurostat



8. Markmið í ríkisfjármálum

2013



Skuldastaða hins opinbera

- Í árslok 2011 skuldar ríkið tæplega 84% af VLF og sveitarfélögin í heild um 11%*.
- Almennt er talið skynsamlegt að skuldir hins opinbera séu undir 60% af VLF.

* Árið 2011, að undanskildum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum

2013




Markmið vegna skuldastöðu

- Með aðhaldssamri ríkisfjármálastefnu samhliða auknum hagvexti á ríkissjóður að geta minnkað skuldir sínar á næstu árum.
- Nú er tímabært að útfæra nánar langtíma-markmið um lækkun skulda hins opinbera og vinna greiningu á því hvernig og hvenær þeim markmiðum verður náð.
- Þótt afkoma ríkissjóðs gæti skilað **50 mia.kr.** afgangi á ári til niðurgreiðslu skulda þá tæki það 10 ár að lækka þær um þriðjung.

2013



Heildarskuldir og hrein staða ríkissjóðs



2013



Langtímaáætlun

- Samhliða áætlun um niðurgreiðslu skulda þarf að útfæra áætlun um hvernig mæta skuli skuldbindingum vegna lífeyrissjóða ríkisstarfsmanna.
- B-deildirnar stefna að óbreyttu í þrot árið 2026 og þyrftu þá um **19 mia.kr.** árlegt framlag.

2013



Óvissuþættir

- Óvissa um málaferli vegna Icesave málsins fyrir EFTA dómstóli og um lyktir þess gerir ókleift að áætla kostnað sem kynni að falla á ríkissjóð.
- Eiginfjárstaða Íbúðalánasjóðs er veik og unnið er að mati á fjárhagsstöðu sjóðsins.

2013



9. Samantekt

2013



Niðurlag

Nú eru um fjögur ár liðin frá hruni fjármálakerfisins, gengis íslensku krónunnar og um leið trausts á stofnunum samfélagsins.

- Nú benda hins vegar hag- og samfélagsvísar til þess að mestu erfiðleikarnir séu að baki.
- Hagvöxtur er stöðugur og bjartsýni í samfélaginu eykst.
- Árangur í rekstri ríkissjóðs, stöðugur hagvöxtur og auknar tekjur af auðlindum gefa tilefni til að bæta að hluta upp fyrri niðurskurð í völdum málaflokkum.

2013



Vefsetur: fjarlog.is

Minnt er á að halda trúnað um fjárlagafrumvarpið þar til það hefur verið lagt fyrir Alþingi kl. 16

Fjárlagafrumvarpið og tengd gögn er að finna á fjárlagavefnum fjarlog.is

2013